

### **31. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn með fjarfundarbúnaði ZOOM miðvikudaginn 16. september 2020 klukkan 8:30.**

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fyrirkomulag funda hreppsnefndar verði fjarfundur, þar sem búnaður ZOOM verði notaður. Vegna þessara sérstöku aðstæðna í þjóðfélaginu, sem orsakast af COVID-19, þá nýtir hreppsnefnd Ásahrepps sér heimild sem auglýst hefur verið af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þann 11. ágúst 2020. Byggir þessi heimild á samþykktu VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem verður í gildi til 10. nóvember 2020.

Þetta fyrirkomulag verði viðhaft á fundum hreppsnefndar svo og annarra fastanefnda Ásahrepps meðan þetta ástand varir og lagaheimildir leyfa. Staðfesting fundargerðar verði framkvæmd með Singnet.is í lok hvers fundar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir enn fremur að heimilað verði að nýta fjarfundabúnað á fundum nefnda, ráða eða stjórna skv. samþykkt um stjórn og fundarskóp Ásahrepps.

#### **1. Kynning Landsvirkjunar á Búrfellslundi m.m.**

Erlingur Geirsson, Bjarni Pálsson, Albert Guðmundsson og Ólöf Rós Káradóttir frá Landsvirkjun mættu á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynntu ný verkefni 4. áfanga Rammaáætlunar og stöðu mála varðandi aðra virkjanakosti Rammaáætlunar. Kynnt var ný útfærsla Búrfellslundar og stækkunarverkefni er varðar Vatnsfellstöð, Sigöldustöð og Hrauneyjafosstöð. Einnig var kynnt staða mála er varðar aðra virkjunarkosti í Rammaáætlun, s.s. Skrokköldu- og Hágönguvirkjun svo og Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjun. Umræða og fyrirspurnir komu fram eftir kynninguna.

#### **2. Fundargerðir til samþykktar:**

2.1. 200. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 20-125.

Mál nr. 1; Hrútur 2 L223303; Breyting úr gestahúsi í geymslu;

Deiliskipulagsbreyting – 1909009.

Lögð er fram umsókn Bergsteins Björgúlfssonar er varðar breytingu á deiliskipulag að Hrúti 2, L223303. Í breytingunni felst að byggingarheimild innan skipulagsins verður breytt með þeim hætti að eitt þeirra gestahúsa sem skilgreind eru innan byggingarheimilda deiliskipulagsins breytist í geymslu. Engar breytingar eru gerðar á stærð eða hæð. Eftir breytingu verða því skilmálar skipulagsins: „Innan skilgreinds byggingarreits má reisa nýbyggingar; íbúðarhús auk bílageymslu, gróðurhús, skemmu, hesthús, geymslu og allt að 2 gestahús.“ Undir liðnum nánari stærðir bætist við "geymsla allt að 70 m<sup>2</sup>".

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða viðkomandi deiliskipulagsbreytingu og að hún fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 2; Holtsbraut 11 (L193061); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður og geymsla – 2008019.

Fyrir liggur umsókn Kjartans Ó. Sigurðssonar fyrir hönd Sigurlínar G.

Ágústsdóttur og Marijana Krajacic um byggingarleyfi til að byggja sumarbústað 75,3 m<sup>2</sup> og geymslu 25,5 m<sup>2</sup> á sumarbústaðalandinu Holtsbraut 11 (L193061) í Ásahreppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að ekki sé gerð athugasemd við útgáfu byggingarleyfis með fyrirvara um málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar grenndarkynningu. Hreppsnefnd Ásahrepps mælist til þess að skipulagsfulltrúi hafi samráð við landeigendur á svæðinu um gerð deiliskipulags.

Mál nr. 19; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20-125 – 2008001F.  
Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 13. ágúst 2020 lagðar fram til kynningar.

- 2.2. 201. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 20-126.

Mál nr. 26; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20-126 – 2008004F.  
Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. september 2020 lagðar fram til kynningar.

- 2.3. 12. fundur stjórnar Húsakynna bs.  
Dagskrárliður 2 þarf samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti tillögu stjórnar um að gera viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2020 vegna aukins rekstrarkostnaðar fyrir Húsakynni bs að upphæð kr. 5.500.000. Útfærsla á hlut Ásahrepps vísað til gerðar viðauka 2 sem tekinn verður fyrir síðar á fundinum, dagskrárliður 6.
- 2.4. 1. fundur nefndar um svæðisskipulag Suðurlands.  
Í dagskrárlið 2 var óskað eftir afstöðu hreppsnefndar Ásahrepps um afmörkun skipulagssvæðisins er varðar línu í gegnum sveitarfélagið.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að þjóðlendulínunni verði fylgt.

### 3. Fundargerðir til kynningar:

- 3.1. 29. fundur stjórnar Odda bs.
- 3.2. 66. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.
- 3.3. 78. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
- 3.4. 78. fundur stjórnar byggðasamlags UTU.
- 3.5. 79. fundur stjórnar byggðasamlags UTU.
- 3.6. Oddvitanefundarfundur UTU, dags. 26. ágúst 2020.
- 3.7. 295. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 3.8. 206. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- 3.9. 2. fundur nefndar um svæðisskipulag Suðurlands.
- 3.10. 886. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### 4. Staða verkefna á vegum Ásahrepps.

Oddviti gerði grein fyrir stöðu verkefna á vegum Ásahrepps, .s. fegrunarátak, stikun göngustíga á Holtamannafrétti, lagningu slitlags á fimm heimreiðar og útskiptingu ljósakúpla vegna bæjarlýsingar og uppsetningu nýrra ljósastaura.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að fegrunarátaki ljúki 1. nóvember n.k.  
Sveitarstjóra verði heimilt að greiða út styrk fyrir einstök verkefni þegar staðfesting verkefnisstjóra liggur fyrir um lok verkefnis.

### 5. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps.

Rekstraryfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps lagt fram til kynningar. Hægt hefur gengið að færa bókhald hreppsins í sumar og því lítil breyting á málaflokkayfirliti milli mánaða, en KPMG veitir bókhaldsþjónustu fyrir Ásahrepp. Sveitarstjóra falið að kanna stöðu mála gagnvart bókhaldsfærslu sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að taka saman

kostnað Ásahrepps vegna færslu bókhalds og leggja fyrir næsta fund hreppsnefndar og jafnframt að kanna hvaða aðrir kostir eru í stöðunni fyrir Ásahrepp sem gera myndi færslu bókhalds skilvirkara.

## 6. Viðauki 2 við fjárhagsáætlun Ásahrepps 2020.

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að viðauka 2 við fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árið 2020.

Um er að ræða lækkun tekna sem nemur 40 mkr, þar af lækkun á framlögum frá Jöfnunarsjóði kr. 35 milljónir og lækkun útsvars kr. 5 milljónir vegna atvinnuástandsins í kjölfar COVID-19. Hækkun rekstrarkostnaðar við fráveitu kr. 1,2 milljónir vegna rotþróastyrkja. Hækkun vegna styrks við uppsetningu varmadælu kr. 676 þús. Hækkun rekstrarkostnaðar eignasjóðs að upphæð kr. 1.850 þús. vegna aukins rekstrarkostnaðar við lagfæringu á húsnæði Laugalandsskóla. Heimild til fjárfestingar hjá eignasjóði við að ljúka LED væðingu og uppsetningu nýrra ljósastaura hækkuð sem nemur kr. 2 milljónum.

Viðauki 2 gerir því ráð fyrir lækkun tekna um 40 mkr. hækkun rekstrarkostnaðar um 3,7 mkr. og hækkun fjárfestingar 2 mkr. Alls er því útgjaldauki 45,7 mkr. sem mætt er með lækkun á handbæru fé. Fjárhagsáætlun ásamt viðaukum 1 og 2 gerir þá ráð fyrir að handbært fé samstæðureiknings muni lækka á árinu sem nemur kr. 77,7 milljónum. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagða tillögu að viðauka 2 og felur sveitarstjóra að skila honum inn skv. lögum og reglum í samstarfi við endurskoðendur sveitarfélagsins.

## 7. Innsend bréf og erindi:

7.1. Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 24. ágúst 2020; samþykktir byggðasamlaga.

Lagt fram bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis þar sem kynntar eru niðurstöður könnunar ráðuneytisins á öllum samningum sveitarfélagsins sem fela í sér samstarf við önnur sveitarfélög. Yfirferð ráðuneytisins leiddi í ljós að ýmsir annmarkar eru á meirihluta samninganna. Ráðuneytið hefur gefið út leiðbeiningar um lagakröfur sem gerðar eru um form, skilyrði og takmörk á samvinnu sveitarfélaga. Jafnframt koma fram athugasemdir ráðuneytisins um einstaka samninga eða samþykktir ásamt ábendingum um hvað má betur fara. Ljóst er að lagfæringar á samþykktum og samningum verður sameiginlegt verkefni þeirra sveitarfélaga sem um ræðir. Sveitarstjóra, oddvita og fulltrúa E-lista falið að vinna að úrlausn þessara athugasemda í samstarfi við samstarfssveitarfélög. Allar breytingar á samþykktum og samningum verði síðan teknar fyrir hjá hreppsnefnd Ásahrepps þegar þær liggja fyrir.

7.2. Umsókn Sigríðar Þóru Árdal og Bergsteins Björgólfssonar um styrk vegna uppsetningar varmadælu; Hrútur.

Lögð fram umsókn þeirra Sigríðar Þóru og Bergsteins um styrk vegna uppsetningar varmadælu við íbúðarhús þeirra í landi Hrúts. Fyrir liggur yfirlýsing frá Veitum að ekki er mögulegt að tengja umrætt íbúðarhús við veitukerfi þeirra.

Sveitarstjóri lagði fram útreikning á styrkfjárhæð skv. samþykkt Ásahrepps um styrk vegna uppsetningar varmadælu. Styrkfjárhæð nemur kr. 676.280. Gert er ráð fyrir þessum kostnaði á fjárhagsáætlun ársins 2020 og vísast í því sambandi til samþykktar viðauka 2 við fjárhagsáætlun ársins 2020. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita umræddan styrk.

- 7.3. Erindi Inkasso, dags. 3. september; innheimtuþjónusta.  
Lagt fram tölvuskeyti Inkasso þar sem fyrirtækið gerir Ásahreppi tilboð í innheimtuþjónustu. Fyrir liggur skv. gildandi samningi við Mótus að Ásahreppur er bundinn þeim samningi fram til loka ársins 2021. Ef vilji er til að segja samningi við Mótus upp þarf það að gerast fyrir mitt ár 2021. Sveitarstjóra falið að skoða málið og kanna reynslu annarra sveitarfélaga sem nýta sér þjónustu Inkasso.
- 7.4. Tölvuskeyti Garnes data, dags. 9. september 2020; símalausn Teams.  
Lagt fram tölvuskeyti Garnes data þar sem kynnt er símalausn Teams og tilboð gert varðandi uppsetningu og rekstur þeirrar símalausnar.  
Sveitarstjóri kynnti málið og fór yfir kosti þessarar símalausnar. Ljóst er að ekki verður um mikinn fjárhagslegan sparnað. Sveitarstjóri lagði fram útreikninga sem sýndi samþanburð á kostnaði vegna núverandi símaþjónustu og símalausnar Teams.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vera áfram með það símakerfi sem er nú til staðar.
- 7.5. Erindi félagsþjónustunnar, dags. 10. september 2020; styrkbeiðni vegna Sigurhæða.  
Lagt fram tölvuskeyti félagsþjónustunnar þar sem kynnt er styrkbeiðni frá Sigurhæðum – Soroptimistaklúbbur Suðurlands, vegna tillögu að tilraunaverkefni. Félagþjónustan hefur áhuga á að verkefnið fari í gang á starfsvæði þjónustunnar. Um er að ræða að bjóða sunnlenskum stúlkum og konum öruggan vettvang aðstoð fagfólks til að vinna úr áföllum sem eiga rætur í kynbundnu ofbeldi, hvort sem það er tilfinningalegt, andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt, og vinna með því að valdeflingu þeirra.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir þátttöku fyrir sitt leyti.
- 7.6. Erindi SASS dags. 11. september 2020; Tilnefning fulltrúa Ásahrepps í stafrænt ráð sunnlenskra sveitarfélaga.  
Lagt fram tölvuskeyti SASS ásamt drögum að erindisbréfi fyrir stafrænan faghóp SASS. Óskað er eftir að Ásahreppur tilnefni einn fulltrúa í faghópinn.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að tilnefna Valtý Valtýsson, sveitarstjóra, sem fulltrúa Ásahrepps í faghópinn.
- 7.7. Tölvuskeyti Birtu Árdal Bergsteinsdóttur, dags. 2. september 2020; leikskólavist í Reykjavík.  
Lagt fram tölvuskeyti Birtu Árdal Bergsteinsdóttur þar sem óskað er eftir því við hreppsnefnd Ásahrepps, að sveitarfélagið greiði mótframlag vegna leikskólavistar fjögurra barna í Reykjavík. Erindinu var frestað á síðasta fundi svo tími gæfist til að skoða málið betur.  
Hreppsnefnd bendir á að hægt er að bjóða börnunum leikskólavist í leikskólum sveitarfélagsins. Þar sem hægt er að vista börnin í leikskólum sveitarfélagsins, þá hafnar hreppsnefnd að greiða mótframlag til annars sveitarfélags vegna leikskólavistar. Þar sem hreppsnefnd hefur ekki gefið neinn ádrátt um slíkar greiðslur eða veitt samþykki sitt fyrir að börnin myndu hefja vistun í viðkomandi leikskóla, þá hafnar hreppsnefnd Ásahrepps því að greiða áorðinn kostnað vegna vistunar barnanna.

## **8. Bréf og erindi til kynningar:**

- 8.1. Stöðuskýrsla nr. 1 frá teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19; frá félagsmálaráðuneyti.
- 8.2. Stöðuskýrsla nr. 2 frá teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19; frá félagsmálaráðuneyti.
- 8.3. Bréf SASS, dags. 7. september 2020; Ársþing SASS.
- 8.4. Aðalfundarboð Skógasafns, sem haldinn verður 14. september 2020
- 8.5. Tölvuskeyti Margrétar Blöndal, dags. 8. september 2020; kynning á Sinfóníuhljómsveit Suðurlands.
- 8.6. Aðalfundarboð Félags- og skólaþjónustu, sem haldinn verður 15. september 2020.
- 8.7. Tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 8. september 2020; fjármálaráðstefna sveitarfélaga með breyttu sniði í byrjun október n.k.

## **9. Næsti fundur hreppsnefndar.**

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn miðvikudaginn 21. október 2020 kl. 8:30.

Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30.

Ásta B. Ólafsdóttir  
Brynja J. Jónasdóttir  
Egill Sigurðsson  
Elín Grétarsdóttir  
Guðmundur Gíslason  
Valtýr Valtýsson

# Undirritunarsíða

sveitarstjóri  
Valtýr Valtýsson

oddviti hreppsnefndar  
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi  
Brynja Jóna Jónasdóttir

hreppsnefndarfulltrúi  
Egill Sigurðsson

hreppsnefndarfulltrúi  
Elín Grétarsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi  
Guðmundur Jóhann Gíslason